

# Uppruni íslenzkrar skáldmenntar

## VI. Skáld, hringsverð, hildisvíni

AÐ SAURBÆ á Hvalfjarðarströnd brá Skroppa kerling sér og tveim dætrum bónadans þar í svínalíki. Afabróðir systranna, Hróðgeir hinn spaki, hafði reist Saurbæ þenna. Halli hvíti, dóttursonur Helgu, fyrstu húsfreyjunnar að Saurbæ í Eyjafirði, átti túngölt, er var „svo feitur, að trautt mátti rísa“. Helgi hinn magri, faðir hennar, skaut svínum tveim á land, er hann lenti við Galtarhamar. „Pau fundust þrem vetrum síðar í Sölvadal og voru þá saman sjötíu svína“. Steinólfí lága, er Saurbæ reisti í Saurbænum, hurfu „svín þrjú“. Um þau var svipuð saga sögð. Það kemur ekki á óvart, þótt svínasögur þessar hafi geymt í Saurbæingaættum. Af 14 sögnum um svín frá landnáms- og söguöld reynast 9 bundnar við saurbýlahreppa. Sex þeirra gerast í sveitum Helgu, Steinólfs og Hróðgeirs spaka. Petta má kalla býsn mikil.

Saurbæir Helgu, Steinólfs og Hróðgeirs eru sérstæðir um það, að fyrstu ábúendur eða eigendur þeirra eru kunnir. Hér einkenna svínasagnir og „Hróð“-nöfn fjólskyldur landnemanna, svo að ekki verður um villzt. Hróðgeir hinn spaki býr fyrstur í Saurbæ. Hrólfur heitir bróðir Helgu í Saurbæ. Steinólfur hinn lági er Hrólfsson. Þannig hafa allar Saurbæingaættirnar Hróð-nöfn innan sinna vébanda, þá er land var numið. Látum vera, þótt dæmin séu fá. Engri hendingu er til að dreifa í þessu efni. Athugun á nafnaskrá Landnámabóka eyðir öllum esa. Fylgir hér skrá yfir alla þá landnámsmenn, sem Hróð-nöfn báru eða áttu feður og sonu með slíkum nöfnum. Þau Hróð-nöfn, sem falla á saurbýlahreppa, eru auðkennd:

---

Áður hafa birzt í Helgafelli þessar greinar úr ritgerðinni *Uppruni íslenzkrar skáldmenntar*:

- I Skáld, kynngi, kvenréttindi, Helgafell I, 6.
- II Skáld, svín, saurbýli, I, 58.
- III Skáld, austmenn, „ar“-nöfn, I, 302.
- IV Skáld, Freysblót, forngripir, II, 155.
- V Skáld, nöfn, niðjatöl, III, 35.

Hróaldur bjóla, landnámsmaður í Vopnafirði,  
 Hróaldur, faðir Eiríks landnámsmanns að Hofi í Goðdolum,  
 Hróaldur, sonur Eiríks í Goðdolum,  
 Hróaldur, sonur Hrollaugs, landnámsmanns að Breiðabólssstað.  
 Hróaldur, sonur Höskuldar, landnámsmanns í Skörðum,  
 Hróaldur, faðir Hof-Kolla, landnámsmanns í Kollafirði.  
 Hróaldur, sonur Loðmundar, landnámsmanns í Sólheimum,  
 Hróaldur, sonur Úlfs, landnámsmanns í Geitlandi,  
*Hróar*, faðir Önundar bílds, landnámsmanns í Önundarholti,  
 Hróar, sonur Höfða-Pórðar, landnámsmanns í Höfða,  
*Hróar*, faðir Sléttu-Bjarnar, landnámsmanns á Sléttu-Bjarnarstöðum,  
 Hróar, sonur Una danska, landnámsmanns.  
*Hroðgeir* hinn hvíti, landnámsmaður á Skeggjastöðum,  
*Hroðgeir* hinn spaki, landnámsmaður í Saurbæ,

Hróðmar, faðir Hjörleifs, landnámsmanns,  
*Hrólfur* hinn digri, landnámsmaður í Staðarsveit,  
*Hrólfur* Helgason, landnámsmaður í Gnúpafelli.  
*Hrólfur*, faðir Kolgríms, landnámsmanns að Ferstiklu,  
*Hrólfur*, faðir Steinólfs lága, landnámsmanns í Saurbænum,  
*Hrólfur*, faðir Molda-Gnúps, landnámsmanns í Álfaveri,  
*Hrólfur* rauðskeggur, landnámsmaður að Fossi,  
*Hrólfur*, sonur Úlfs, landnámsmanns að Geitlandi.  
 Hrollaugur, landnámsmaður að Breiðabólssstað,  
 Hrolleifur, landnámsmaður í Hrolleifsdal.  
 Hrolleifur, landnámsmaður í Heiðabæ,  
 Hrómundur, sonur Eyvindar sörkvís landnámsmanns í Blöndudal,  
 Hrómundur, landnámsmaður í Þverárhlíð,

Nafnaskrá þessi er harla merkileg. Hún geymir sjö tegundir Hróð-nafna: Hróaldur (Hróðvaldur), Hrólfur (Hróðúlfur), Hróðmar, Hrollaugur (Hróðlaugur), Hrómundur (Hróðmundur), Hrolleifur (Hróðleifur), og loks Hróar og Hróðgeir, sem í rauninni er sama heitið. Hróar er „uppkommet ur Hróðgeir“, segir E. P. Lind í sinni ágætu nafnabók. Aðeins Hrólfur og Hróar (Hróðgeir) koma fyrir í saurbýlasveitunum. Alls eru nöfn þessi 13, eða tæpur helmingur Hróð-nafnanna á skránni. Átta þeirra falla á saurbýlahreppana, sem eru 26, en aðeins fimm á alla aðra hreppa landsins, 141 að tölu. Skáld, dísir, svínasagnir og kvennastaðir hafa reynzt auðkenni saurbýlasveitanna. Við þau undur bætist nú þetta frábæra fyrirbrigði. Þó er það auðskýrt. Með nokkurri athugun á fornenskum söguljóðum, ásamt forneskjusögnum og ættartölum Íslendinga, má vissulega finna ráðningu gátunnar.

I Scopes Widsið, sem talið er elzt allra nükunnra ljóða á germanskritungu, getur frændanna Hróðúlfs og Hróðgeirs, bróðursonar og föðurbróður, er lengi voru vinir eftir að þeir höfðu brotið veldi Ingjalds á bak aftur og hrakið á burtu Víkingakyn. Nánar er frá þessum mönnum greint í Beo-

wulfskvæðinu. Þar kemur skýrt í ljós, að Hróðúlfur (Hrólfur) og Hróðgeir (Hróar) eru Skjöldungar og konungar Dana. Ættfaðirinn telst heita Scyld (Skjöldur) og á barnungur að hafa komið siglandi til Dananna yfir hafið. Sonarsonur hans er hinn hái Healfdene, kunnur úr Hyndluljóðum sem Hálfdan hæstur Skjöldunga. Synir hans eru svo Hroðgar (Hróar) og Halga (Helgi) faðir Hrólfss. Um þessa þríja Skjöldungakonunga fjallar Hrólfss saga kraka. Kona Hróars nefnist í Beowulfskvæðinu Wealþeow (Valþjóf). Dóttir þeirra, Freawaru, var gefin Haðbarðakonunginum Ingjaldi Fróðasyni, sem áður var nefndur.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að forfeður okkar töldu Ingjald konung af kyni Skjöldunga. Tvær höfuðættir íslenzkar eru til hans raktar: Hvammverjar í Döllum og Eyfirðingakyn. Laxdælhöfundur lætur Ólaf konung hvíta í Dublin vera son Ingjalds Fróðasonar, og í Landnámabók lesum við þessa frásögn: „Björn hétt maður ágætur í Gautlandi, son Hrólfss frá Ám. Hann átti Hlíf, dóttur Hrólfss Ingjaldssonar, Fróðasonar konungs“. Sonur þeirra Bjarnar og Hlífar var Eyvindur austmaður, landvarnarmaður Kjarvals Írakonungs og faðir Helga magra. Meðal barna Helga magra voru Ingjaldur á Pverá, Helga húsfreyja í Saurbæ og Hrólfur í Gnúpafelli, faðir Ingjalds, Böðvars, Valþjófs og Guðlaugar í Hleiðrargarði“.

Pótt ekki væri öðru til að dreifa en bæjarnafninu Hleiðrargarður, mætti það vekja grun um, að fjölskyldu og forfeðrum Helga magra hefðu verið kunnar Skjöldungasagnir. En svo sem alkunnugt er, átti Hrólfur konungur kraki og ættmenn hans að hafa búið í Hleiðrargarði á Sjálandi. Og lítum svo á nafnagiftirnar í ætt Saurbæjar-Helgu. Hrólfur bróðir hennar er alnafni Hrólfss kraka Helgasonar. Synir hans bera sömu nöfn og Ingjaldur konungur Fróðason og Böðvar bjarki, höfuðhetja Hrólfss kraka. Þriðji bróðirinn kallast Valþjófur og ber þannig náfn, sem hliðstætt er drottningarnafninu Valþjóf. Samkvæmt Dana-sögu Saxa hétt systir Hrólfss kraka, en kona Böðvars bjarka, Ruta. Hefur Axel Olrik sýnt, að hér ræðir um afbökun á kvenmannsheimtinu Hrút. Hliðstæða þessa kvenmannsnafns er Hrútur. Hér lendis finnst það aðeins í kynkvísl, sem runnin er frá hjónunum Þuríði, systur Helga magra, og Þorsteini rauð, syni Ólafs hvíta. Dótturson þeirra var Hrútur Herjólfsson.

Af fornaldarkonungum þeim, sem „Hróð“-nöfn báru, voru þeir frændurnir Hróar Hálfdanarson og Hrólfur kraki langmestir fyrirferðar í sögnum og kvaðum. Um Hrólf kraka segir Snorri Sturluson, að „hann var ágætastur fornkonunga, fyrst af mildi, frækneik og lítlæti“. Í Beowulfskvæðinu, er Hróar hinn voldugi og ágæti Skjöldungakonungur. Verður nú harla ljóst, hvers vegna einmitt þessi nöfn auðkenna saurbýlasveitirnar á landnámsöld. Orsökin er í því fólgin, að þar á slóðum bjuggu menn, sem varðveittu ævafornar ættarsagnir og höfðu helztu Skjöldungakonungana í hávegum. Við þreifuðum á því, að þannig var máli háttar um ætt systkinanna, Helgu í Saurbæ og Hrólfss í Gnúpafelli. Og athugum nú ofurlítið þá fjóra menn á nafnaskránni, sem bera heitið Hróar.

Fyrstur er nefndur Hróar faðir Önundar bílds í Önundarholti, hálfbróður Þorgríms bílds að Bíldsfelli. A. Bugge hefur réttilega bent á það, að bræður bessir muni hafa komið til Íslands vestan um haf. Hróar er talinn son Brúna, „er bragð vann á Brávelli“. Frá Brúna er greint í Sögubroti af fornkonungum. Það fjallar um „Skjöldungana“ Ívar víðfaðma, Harald hilditönn og Sigurðr hring, föður Ragnars loðbrókar. Brúni er höfðingi í liði Haralda hilditanna í orustunni á Brávelli. Hann greinir konungi frá því fyrir orustuna, að Sigurður hringur hafi svínfylkt liði sínu. En þá list hugðist Haraldur einn kunna ásamt Óðni og þótti nú uggvænlega horfa, þar sem Óðinn mundi honum mótsnúinn vera. Í bardaganum felldi Brúni Harald konung með kylfuhöggi. Ber frásögnin öll því öruggt vitni, að Brúni, „er bragð vann á Brávelli“, er enginn annar en Óðinn sjálfur. Mætti nú ætla, að ættfærsla Önundar í Önundarholti hefði harla lítið sagnfræðilegt gildi. Við nánari athugun verður þó annað uppi á teningnum. Þegar ættir Hvammverja í Döllum og Saurbæringa í Eyjafirði eru raktar upp til Ingjalds konungs Fróðasonar, svo sem fyrr var getið, er um hreina hliðstæðu að ræða. Slíkar æetrakningar leiða í ljós þau dýrmætu sannindi, að þessar kynkvíslir hafa, öðrum fremur, haldið á lofti Skjöldungasögnum.

Næstur á skránni er Hróar, sonur Höfða-Þórðar, landnámsmanns, og Friðgerðar, dótturdóttur Kjarvals Írakonungs. Verður að hyggja, að ættmenn Hróars hafi verið meðal norrænu víkinganna á Írlandi um og eftir miðbik 9. aldar. Í Sturlubók er ætt hans þannig rakin: Höfða-Þórður „var son Bjarnar byrðusmjörs, Hróaldssonar hryggs, Bjarnarsonar járnsiðu, Ragnars-sonar loðbrókar“. Aftur mætum við sama fyrirbærinu. Nafn Hróars Höfða-Þórðarsonar er einnig í augljósum tengslum við Skjöldungasagnirnar. Sama málí gegnir um hinn þriðja Hróar á nafnaskránni, föður Sléttu-Bjarnar, nágranna Höfða-Þórðar. Er ætt Sléttu-Bjarnar rakin upp til Eiríks konungs í Uppsöldum. Eiríkur þessi og Ragnar loðbrók teljast í Hervararsögu vera af kyni Ívars konungs víðfaðma. Við Ragnar eru svínasagnir tengdar með næsta sérstæðum hætti. Þá er Ella konungur hafði tekið Ragnar til fanga, duldist hann við um það, hver hann væri. Lét Ella þá kasta Ragnar í ormagarð, og er ormarnir héngu „öllum megin á honum“, þá mælti Ragnar: „Gnyðja mundu nú grísir, ef þeir vissu, hvað hinn gamli byldi“. „Og þótt hann mælti slíkt, þá vissu þeir eigi að gerr, að Ragnar væri það, heldur en annar konungur. Nú kvað hann vísu“, er hefst með þessum orðum:

Gnyðja munu grísir,  
ef galtar hag vissi.

Frásögn þessi finnst í Ragnars sögu loðbrókar og sona hans. Þar er Höfða-Þórðar sérstaklega getið sem niðja Ragnars, og er hann einn um þá vegsemd, íslenzka manna, í þessari heimild.

Loks er að minnast ættar Hróars Tungugoða, sonar Una hins danska. Um föður Una kemst Haukur Erlendsson svo að orði: „Garðar hét maður, son Svavars hins svenska. Hann átti jarðir á Sjálandi, en var fæddur í Svía-

ríki". Má það vissulega athygli vekja, að fjórmenningarnir með Hróars-nafni eru allir taldir vera af austrænu kyni. Og jafnframt ber þess að gæta, að fyrir kristnitöku finnast ekki fleiri menn með nafninu Hróar í sögu Íslendinga. Við verðum einnig varir áhrifa Skjöldungasagna í umhverfi ættar Hróars Tungugoða. I landnámi föður hans er bær, samnefndur býli Guð-laugar Hrólfsdóttur frá Gnúpafelli. Aðrir Hleiðrargarðar eru ekki kunnir hérlandis. Eg hika ekki við að telja báða bæina heitna eftir hinni frægu Hleiðru Skjöldungakonunganna, er Íslendingar kölluðu tíðum Hleiðrargarð. Hvernig mætti þetta öðruvísi vera? Fyrsta húsfreyjan í hinum eyfirzka Hleiðrargarði er talin af Skjöldungakyni, en hinn austfirzki Hleiðrargarður liggur í landnámi hins eina manns meðal landnámsmanna, sem ber viður-nefnið danski og virðist uppalinn á Sjálandi. Með framanskráð dæmi í huga leyfi ég mér að hafa það fyrir satt, að hér á landi séu nöfnin Hrólfur og Hróar runnin frá Skjöldungasögnum. Önnur lausn er naumast til.

Axel Olrik hefur sýnt, að efnir Hrólfir sögu kraka hefur orðið fyrir áhrifum vestanhafs, áður en sagnirnar bárust út til Íslands. Það kom nú í ljós, að það voru landnemar saurbýlasveitanna og menn eins og Helgi magri, Höfða-Þórður og Uni danski, sem fluttu þennan sagnaauð yfir hafið. Að sjálfsögðu liggur beinast við, að það hafi verið niðjar Skjöldungaþjóðarinnar, sem varðveittu lengst og bezt minningarnar um konunga hennar. Enda virðast helztu ættirnar, sem hingað komu vestan um haf, vera taldar til afsprengis Hálfdanar gamla. Má þar til nefna kynkvíslir Bjarnar bunu, Ölvís barnakarls, Hjörs konungs, Eyvindar austmanns og Ólafs hvíta. Allar höfðu þær herstöðvar í Suðureyjum og á Írlandi um og eftir miðja 9. öld, en áttu jafnframt eignir og ættmenn í Noregi. Verður að ætla, að hinir minni háttar landnámsmenn, er komu hingað frá Bretlandseyjum, hafi verið í víkingafélagsskap þessara höfuðætta og þá sennilega oftast af sama stofni. Í þessu sambandi er ein setning Hauksbókar um Garðar Svavarsson harla athyglisverð: „Hann fór til Suðureyja að heimta föðurarf konu sinnar“. Verður þessi sögn vart skýrð á annan veg en þann, að hinn svensk-ættaði sjálenzki jarðeigandi hafi vænzt að hitta þar fyrir frændur og félaga, er líklegir væru til þess að láta hann njóta laga og réttar um erfðatilkallið.

Heimildum ber saman um það, að Ketill flatnefur, sonur Bjarnar bunu, hafi um skeið verið stjórnandi Suðureyja. Þetta hefur hlotið að vera fyrir ríkisstjórnartíð Haralds konungs hárfagra, svo sem H. Shetelig hyggur. Er helzt að sjá sem ættmenn Bjarnar bunu séu búrir að ná fótfestu í eyjunum nokkru fyrir miðja 9. öld. Þar voru þeir í fóstri, Örylgur gamli, bróðursonur Ketils, og Helgi magri, sem báðir komu út til Íslands með fulltíða börnum sínum. Geta menn þessir naumast verið fæddir eftir 850. Móðir Helga var Rafarta, dóttir Kjarvals Írakonungs. Ól hún sveininn í Suðureyjum, og var hann þar í fóstri tvö fyrstu árin. Síðan óx hann upp á Írlandi. En hjá Kjarvali, tengdaföður sínum, var Eyvindur austmaður landvarnarmaður. Kom um við nú að atriði, sem gefur skýra bendingu um þjóðerni þeirra manna, er fluttu Skjöldungasagnir til Íslands.

Niðjar Helga magra og Höfða-Pórðar eru ekki einir um það að hafa rakið ætt sína til Kjarvals Írakonungs. Fimm íslenzkar landnámsættir eru berlega taldar frá honum runnar. Skipar hann þannig sérstæðan heiðursess í fornsgóu Íslendinga. Til Ragnars loðbrókar eru jafnvel ekki raktar nema þrjár landnámsættir, þótt af honum gengju miklar sagnir til forna. Allir fræðimenn eru sammála um það, að Kjarvalur Írakonungur sé sami maður og Cearbhall, sem konungur var í Ossory á Suður-Írlandi á árunum 847—888. Frá þessum tíma eru kunnir margir keltneskir konungar, er skipti áttu við norræna menn, en enginn þeirra hefur komist inn í sögu Íslendinga nema Cearbhall. Þetta er merkara atriði en menn hefur grunað, og aðeins ein skýring til á því: Landnámsmennirnir, er komu frá Írlandi og suðureysku víkinganýlendunni, hafa haft nánari eða betri kynni af Cearbhall en nokkrum öðrum Keltakonungi. Sannleiksgildi ættrakninganna til Cearbhalls má gjarnan ligga á milli hluta. Það haggar engu um þessa augljósu staðreynd.

Það vill nú svo einstaklega vel til, að írskar heimildir greina glögglega frá þjóðerni þeirra norrænu víkinga, er voru í þjónustu Cearbhalls eða bandamenn hans um það leyti, sem Eyvindur austmaður á að hafa dvalizt hjá honum, — það voru Danir. Um 850 unnu þeir Dublin af Norðmönnum og háðu síðan um hríð hina grimmilegustu baráttu við norsku víkingana þar á slóðum. Gerðu dönsku víkingarnir þá bandalag við Cearbhall. Tók konungur á móti þessum samherjum með miklum virktum og „veitti þeim hjálp gegn norsku víkingunum“. Voru Danir nú síðan „oft í liði Cearbhalls konungs, er hann sigraði útlendingana“, segir írskur heimildarmaður. Að dómi Jan de Vries stóð þetta bandalag í mörg ár: „Ossormenn eiga í stöðugu stríði við norsku víkingana og njóta stuðnings Dana“. Þannig liggur öldungis beint við, að þeir menn á Íslandi, sem höfðu nafn Cearbhalls í mestum hávegum og röktu ættir sínar til hans, hafi verið niðjar hinna dönsku eða austnorrænu víkinga frá Ossory og Dublin. Hitt er svo annað mál, að víkingar þessir geta gjarnan hafa farið vestur um haf frá herstöðvum á Noregsströndum. Þannig var einmitt máli háttað um Eyvind austmann, Gautann, sem talinn er Skjöldungaættar.

Engan þarf nú að undra, þótt hin gömlu skáld okkar og sagnamenn kynnu betri skil á austnorrænum en vestnorrænum forneskjusögum. Þeir voru sjálfir austnorrænir í ættir fram. Þetta má þó allra bezt greina, þegar gætt er svínasagna fornbókmenntanna. Yfirkonungur Svía og Dana, Haraldur hilditönn, hugði sig einan kunna að svínfylkja liði. „Gnyðja mundu nú grísir, ef þeir vissu, hvað hinn gamli þyldi“, eiga að vera ummæli eða einkunnarorð, sem auðkenna Ragnar loðbrók, svo að hann mætti þekkjast frá öðrum konungum. Hann er meira að segja láttinn kalla sjálfan sig gölt, en synina grísi. Þessar undarlegu frásagnir verða vart skýrðar, nema hliðsjón sé höfð af svínasögnum þeim, er varða gömlu Skjöldungakonungana, Hrólfi kraka og Hróar Hálfdanarson. Og þar er nú heldur en ekki um auðugan garð að gresja. Engin af Fornaldarsögum Norðurlanda geymir svo margar og merkar svínasagnir sem sagan af Hrólfi kraka. Þegar Hrólfur

heimsækir Aðils konung í Uppsöldum, stjúpföður sinn, verður hann fyrir grimmilegri aðsókn galtar, sem Aðils blótaði. Yrsa drottning gefur syni sínum hringinn Svíagrís. Á flóttanum frá Uppsöldum kastar Hrólfur hringnum á götuna fyrir framan Aðils konung, sem eftir sótti. Og er Aðils laut eftir hringnum, varð Hrólfi að orði: „Svínþeygða eg nú þann, sem Svíanna er ríkastur“. Loks ræður „einn ógurlegur galti“ úrslitum í Skuldarbardaga. „Flýgur ör af hverju hans burstarhári, og dreppur hann hirðmenn Hrólfss konungs hrönnum niður með fádæmum“, segir söguritarinn. Hér hæfir að bæta við frásögn Snorra Sturlusonar um hjálminn Hildisvíni. Studdur af köppum Hrólfss kraka fellir Aðils konungur Ála hinn upplenzka og „tók af honum dauðum hjálminn Hildisvíni og hest hans Hrafn. Þá beiddust þeir berserkir Hrólfss kraka að taka mála sinn, þrjú pund gulls hver þeirra, og umfram beiddust þeir að flytja Hrólfi kraka kostgripi þá, er þeir kuru til handa honum. Það var hjálmurinn Hildigöltur og bryjan Finnsleif, er á hvorugu festi járn, og gullhringur sá, er kallaður var Svíagrís, er átt höfðu langfeðgar Aðils“.

Í Hyndluljóðum, kvæðinu um niðja Hálfdanar gamla, er göltur Freyju kallaður Gullinbursti og Hildisvíni, „er mér hagir gjörðu dvergar tveir, Dáinn og Nabbi“. Samt sem áður var erfitt að skýra, hvernig því viki við, að hjálmar báru heitin Hildigöltur og Hildisvíni. En mál þetta skýrðist, eftir að Grímur Thorkelín hafði dregið Beowulfskvæðið fram í dagsbirtuna. Fyrstur manna gaf hann þessa dýrmætu heimild út, árið 1815. Skáldið segir, að vopnasmíðir hafi fyrrum búið hjálma villisvínamyndum, svo að þeir byldu bæði sverðshögg og eld. Af hjálmalýsingum kvæðisins má glöggt greina, að svínamyndir þessar voru gjarnan gullnar og ýmist greyptar í skrautborða, er náði kringum hjálminn, eða galtarlíkan var fest ofan á hjálmkollinn. Slíka hjálma virðast *jarlarnir* í höll Hróars Hálfdanarsonar hafa borið, og slíkur hefur hjálmurinn Hildisvíni verið. Hann dregur nafn af hinu helga auðkenni sínu. Skáld eða sagnamenn hafa hugsað sér, að Ragnar loðbrók og ættmenn hans hafi haft svínalíkon að sérkenni. Þess vegna eru þeir í sögunni nefndir göltur og grísir. Hliðstaett þessu mun það vera, að kenningin hjálmur (helmi) er hvað eftir annað notuð um konunga í Beowulfskvæðinu, t. d. þrisvar sinnum um Hróar konung.

Hróar Hálfdanarson, Hrólfur kraki, Aðils konungur og Áli upplenzki eru líklega allir sannsögulegar persónur, sem uppi voru á 6. öld. Fjórum öldum fyrrekumst við á þjóðflokk, er bersýnilega hefur haft sams konar svínaátrúnað sem þessir menn. Var þjóðflokkur þessi þá búsettur við suðausturhorn Eystrasalts, þar sem nú mætast byggðir Litava og Þjóðverja. Greinir rómverski sagnaritarinn Tacitus svo frá: „Kem eg þá aftur að austurströnd svefnæska hafssins. Verða þá fyrir oss eistneskar þjóðir, er við það haf byggja, hafa þær á sér snið Svefa og hátterni allt, en fremur líkist tunga þeirra hinni brezku. Þeir tigna móður guða, og til merkis um átrúnað sinn bera þeir á sér líkan villigaltar. Kemur það þeim í vopna stað og er vörn þeirra í hvívetna. Það gerir dýrkendur gyðjunnar óhulta, þótt meðal óvina sé. Járna taka þeir

sér varla í hönd, en oftar lurka. Korn og annan jarðarárvöxt rækta þeir með meiri kostgæfni en við mætti búast af Germönnum, sem eru mjög tómlátil í þeim efnunum. En hafið kanna þeir einnig, og svo að segja einir allra Germana tína þeir raf á sægrynnungum og í fjörunni; það nefna þeir glas“ (glaesum).

Pýðandinn, Páll Sveinsson yfirkennari, lætur fylgja frásögninni um móður guða og svínalíkönin svohljóðandi skýringargrein: „Í norrænni goðafræði er villigöltur helgaður Freyju, en hún varð í meðvitund manna einatt sama sem Frigg, móðir guða“. Eins og skáldmenntin, er svínaátrúnaður traustlega tengdur dýrkun Vanagoðanna meðal forfeðra okkar. Freyja og gyltan eiga samheitið Sýr, en Freyr og gölturinn samheitið Vaningi. Í fylgd beggja goða er gölturinn Gullinbursti eða Hildisvín. Nú er það alkunnugt, að í trúarlífi forfeðranna voru Vanagoðin Njörður, Freyr og Freyja arftakar gyðjunnar Nerthus, sem Tacitus kallar „móður jörð“ og segir dýrkaða af sjö germönskum þjóðflokkum. Meðal þeirra eru nefndir Jótar (Evdoses) og Englar (Anglii), er síðar fluttust til Bretlands. Bæði „eistnesku“ Germanana og Nerthusdýrkendurna telur Tacitus til Svefa. Fæ ég ekki betur séð en höfuðeinkenni trúarbragða þeirra hafi verið með sama hætti. Að minnsta kosti er frjósemis- og gyðjudýrkun sérkenni beggja á dögum Tacitusar.

Af Scopes Widsið, sem styðst við ævafornar sagnir, má sjá, að eitt sinn hefur Ejderfljótið, sem skilur Holsetaland og Slésvík, verið talið mynda landamæri milli Svefa, Engla og Myrginga. Virðast Svefar þessir hafa verið nákomnir Englum að ætlan skáldsins. Myrginganna mun hvergi getið nema hér. Undarlegt er það, að hinn fornfrægi Aðils (Eadgils) konungur er í kvæðinu kallaður höfðingi Myrginganna. Skýra þeir Snorri og Saxi frá hernaði hans á hendur Söxum og íbúum Suður-Jótlands. Þegar skáldið hefur greint frá mærunum milli Engla, Svefa og Myrginga, fer hann í beinu framhaldi að skýra frá frændunum Hróari og Hrólfri og striði þeirra við Víkingakyn. Má þetta heita einkennilegt, þegar þess er gætt, að það eru einmitt þeir frændur og Aðils, sem mest ber á í íslenzku Skjöldungasögnnum. Og um þá hópast svínasagnirnar. Hrólfur kraki og Aðils, stjúpfaðir hans, deila um Svíagrís og hjálminn Hildisvín, sem Áli hinn upplenzki hafði átt. Í Beowulfskvæðinu birtist Áli undir nafninu Onela og er þar talinn föðurbróðir Aðils, og, að því er bezt verður séð, mákur Hróars. Hafa Svíagrís og Hildisvín verið ættarkjörgripir og veldistákn. Enda segir Snorri Sturluson um hringinn, að hann hafi gengið í ætt Aðils. Bendir og nafn hans til þessa.

Fornleifafundir hafa staðfest frásagnirnar um svínalíkönin á hjálmmum. Engir þeirra eru yngri en frá 7. öld. Er þess greinilega getið í Beowulfskvæðinu, sem talið er nokkru seinna ort, að vopnasmíðurinn hafi forðum gjört slíka hjálma. Elztu minjarnar um hildisvín eru frá Gundestrup hjá Hobro, í þeim hluta Jótlands, sem Limafjörður umlykur að norðan og vestan. Þar fannst árið 1891 blótketill mikill úr silfri, ríkulega skreyttur myndum með augljósum ummerkjum keltneskrar listar og trúarbragða. Meðal mynda þess-

ara eru tvær af mönnum, er bera svínahjálma. Að tali C. Neergaards er ketillinn frá 1. eða 2. öld e. Kr. Samkvæmt því hefur hann verið gerður á þeim tínum, er Tacitus ritaði frásögnina um Germani þá, sem trúðu á verndarmátt svínaþíkana og töluðu mál, er nær lá brezkri tungu en germanskri. Aðrar fornminjar, sem sanna frásagnirnar um notkun hjálma með svínamyndum, eru allar frá 6. og 7. öld.

Í ritgerð sinni „Hjálmar og sverð í Beowulfskvæðinu“ lýsir Knut Stjerna því merkilega samræmi, er gætir milli frásagna kvæðisins um vopnabúnað og svo vissra tegunda hjálma og sverða, er tilkazt hafa meðal austnorrænna höfðingja á 6. öld, að því er fornleifar sýna. Auk skrauthjálmannar með svínaþíkönum og myndaborða úr málmi, er oft getið í kvæðinu hinna sérkennilegu *hringsverða*. Nafnið draga þau af hring, sem festur var við efra hjaltið. Hefur hringur þessi sennilega verið táknumynd sólarinnar og helgur dómur, svo sem stallahringar íslenzku hofgoðanna þrem öldum síðar. Við þess konar hringi sóru menn dýra eiða. Um aldamótin 700 virðast menn hættir að festa hringi við sverðshjóltun, og einmitt um sama leyti fellur skrauthjálmanotkun niður á Norðurlöndum. Samt sem áður hefur minningin um þessa höfðingjagripi geymzt í norrænum sögnum og kvæðum. Eru þó norrænar bókmenntir miklu yngri en Beowulfskvæðið. Hring-sverða getur í kviðunum um Helga Hjörvarðsson og Sigurð Fáfnisbana, en skrauthjálma í Atlakviðu Húnakonungs og Hlöðskvæðinu. Einnig getur Þorbjörn hornklofi um „grafla hjálma“ í Haraldskvæði. En eins og H. Shetelig tekur fram í Noregssögu sinni, „er hið skáldlega orðaval sótt til eldri tíma en samtíðar skáldsins sjálfs“. Það er ljóst, að á 6. og 7. öld hafa nái tengsl verið á milli þeirrar tízku að bera myndum skreytta hjálma og hafa hring á hjalti sverða. Í Beowulfskvæðinu mætir hvortveggja okkur á sama vettvangi, og tízkan er bersýnilega samofin trúarhugmyndum þeirra, sem henni fylgdu. Hringsverð og myndskreyttir hjálmar hafa fundist í sömu grófum. Á bronsskífu frá öndverðri 7. öld, sem fannst á Eylandi, er mynd af manni með hringsverð í hendi og hjálm á höfði, prýddan galtarlíkani. Fornleifarfundir þessir vökktu hjá mér þá hugsun, að vert væri að gefa því gaum, í hvers konar sagnaumhvefi norrænar frásögur um hringsverð og skrauthjálma birtust.

Fyrst urðu fyrir frásagnir Eddu um Helga Hjörvarðsson. Helgi „sat á haugi, hann sá riða valkyjur níu, og var ein göfuglegust. Það var Sváfa Eylimadóttir. Hún kvað:

Sverð veit eg liggja í Sigarshólmi fjórum færri en fimm tugu, eitt er þeirra	öllum betra, vígnista böл og varið gulli. Hringur er í hjalti o. s. frv.
--	--

„Þá sótti Helgi sverðið, er Sváfa vísaði honum til“.

„Héðinn bróðir Helga fór einn saman heim úr skógi jólaftan og fann tröllkonu. Sú reið vargi og hafði orma að taumum og bauð fylgd sína. Nei, sagði hann. Hún segir: Þess skaltu gjalda að bragarfulli. Um kveldið voru heitstrengingar. Var framleiddur *sonargöltur*. Lögðu menn þar á hendur sínar, og strengdu menn þá heit að bragarfulli. Héðinn strengdi heit til Svöfu Eylimadóttur, unnustu Helga bróður síns, og iðraðist svo mjög, að hann gekk á braut villustígu suður á lönd og fann Helga bróður sinn“. Hér er bilið ekki breitt á milli sagna um hringsverð og svínadýrkun.

Sverð Sigurðar Fáfnisbana kallast „málmur hringvariður“, en Gjúkasynir, mágar hans, voru boðnir að koma til hallar Atla Húnakonungs með „hjálmmum aringreyrum“. Eftir að þeir höfðu ráðið Sigurði bana, leitaði Guðrún Gjúkadóttir í trega sínum huggunar og athvarfs í Danmörku. Sagt er í Guðrúnarkviðu hinni fornu, að Grímhildur færði henni „full að drekka“.

Það var um aukið jarðar magni,	svalkoldum sæ og sonardreyra.
-----------------------------------	----------------------------------

Í fullinu var og „svínlifur soðin, því að hún sakar deyfði“. Sama máli gegnir um þessa sagnasamstæðu sem hina fyrr. Þriðja hliðstæða dæmið finnst í Hervararsögu. Um Hlöð, son Heiðreks konungs, er kveðið:

Hlöður var þar borinn í Húnalandi saxi og með sverði,	síðri brynu, hjálmi hringreifðum o. s. frv.
---	---

Þjár mismunandi gerðir eru til af sögninni um átrúnað Heiðreks konungs, og er ein þeirra þannig: „Heiðrekur konungur blótaði Frey. Pann gölt, er mestan fékk, skyldi hann gefa Frey. Kólluðu þeir hann svo helgan, að yfir hans burst skyldi sverja um öll stórmál, og skyldi þeim gelti blótað að sonarblóti“. Í annarri gerð sagnarinnar er gölturinn kallaður *sonargöltur*.

Við má víst bæta fjórðu sagnasamstæðunni, þótt hún sé með nokkuð öðrum hætti en hinari þjári, þar sem hún varðar langfeðgatal, en eigi fjölskyldu í orðsins þrengstu merkingu. Um Ynglingakonunginn Dag segir Snorri Sturluson: „Gekk hann þá til sonarblóts til fréttar og fékk þau svör, að spörr hans var dreppinn á Vörva“. Ynglingakonungurinn Aðils blótar gölt og tók af Ála upplenzka dauðum hjálminn Hildisvín. Haraldur hárfagri gaf hirðmönnum sínum „grafna hjálma“, segir Hornklofi. Er ekki ólíklegt, að orðaval hans um hjálmana sé runnið frá fornnum Ynglingakveðskap. Þegar ættmenn Haralds fluttust frá Uppsölum, voru „grafnir hjálmar“ í tízku þar á slóðum.

Helgi konungur Hjörvarðsson á *hringsverð*, en Héðinn, bróðir hans, „leggur hendur“ á *sonargölt* og strengir heit. Sigurður Fáfnisbani á *hringsverð*, en kona hans drekkur *sonardreyra*, og bræður hennar bera *skraut-hjálma*. Hlöður á *skrauthjálm*, en faðir hans *sonargölt*. Aðils á hjálminn

*Hildisvín*, sem virðist vera ættargripur. Forfaðir hans gengur að sonarblóti. Nú voru talin upp höfuðatriði sagnasamstæðnanna. Annarsvegar eru hring-sverðin tvö og hjálmarnir, sem hæfa lýsingum Beowulfskvæðisins af vopna-búnaði og hinni austnorraenu höfðingjatízku 6. og 7. aldar. Hinsvegar eru svo fjórar svínasagnirnar, sem bera sameiginlegt sérkenni, er aðgreinir þær frá öllum öðrum svínasögnum í íslenzkum bómenntum. Það er forliður orðanna: sonarblót, sonardreyri og sonargöltur. Má það heita táknrænt, að ekki hefur reynzt auðið að skýra þessi orð, nema með samanburði við mál Langbarða og Engla, en þær þjóðir voru nágrannar á dögum Tacitus og töldust til Svefa. Langbarðar kölluðu sonargöltinn *sonarpair*, en á engil-saxnesku ber svínahjörð heitið *sunor*. Ætlar málfræðingurinn mikli, Eduard Sievers, að orðin sonardreyri og sonarblót séu ranglega mynduð í norrænum ritum og eigi að rétta að vera sonargaltardreyri og sonargaltarblót.

Þótt sonargaltar sé ekki getið meðal íslenzkra svína, birtist samt úrvalls-skepna þessi ljóslega í svínasögum, sem gerast á Íslandi. Undralangan aldur geymdist sögnin um feita túngöltinn á Jórunnarstöðum í Saurbæjarhreppi, áður en hún kæmist á bókfellið. Forustugeltirnir í svínahjörðum Ingimundar gamla og Helga magra eru heiðraðir með fornfrægum hetjunöfnum frá tímum þessi siðar, er menn báru hildisvín á hjálnum. Þeir heita Beigaður og Sölví. Beigaður nefndist einn af Hrólfsköppunum, sem heimta vildu Hildisvín og Svíagrís af Aðils konungi. Jarl frá Jótlandi, að nafni Sölví, felldi Eystein konung son hans og gerðist siðan höfðingi Svíu. Æg efast ekki um, að samband sé á milli nafngiftanna. Forustusvínin Beigaður og Sölví hafa verið sannkallaðir sonargeltir, en eins og hringsverðin og mynd-skreyttu hjálmarnir, var heiti þetta fallið úr tízku, þá er Helgi og Ingimundur týndu svínum sínum. Svínaátrúnaðurinn var engu að síður enn í blóma á Íslandi. Annars hefðu ekki svínasagnir, ásamt skáldmenntinni, auðkennt saurbýlasveitir landsins á landnáms- og söguöld.

Svo sem vænta mátti, hafa svínaátrúnaður og skáldskaparlist átt sam-leið um langan aldur með forfeðrum okkar á Norðurlöndum, áður en Ísland var numið. Hvorugt getur kallaðt norræn, hvað þá germönsk sameign. Við sáum, að Tacitus skýrði frá dýrkun svínaþíkana sem sérkenni einstakrar þjóðar meðal Germana. Sýnir frásögnin, að slíkur átrúnaður hefur ekki verið verulega útbreiddur með Germönnum á hans dögum. Jafnframt er það augljóst af fyrrgreindum sagnasamstæðum, að dýrkun sonargaltanna og sú tízka að bera hringsverð og myndum skreytta hjálma hafa fylgt sama far-veginum. Tengslin milli þessa siðar og fornenska og norræna skáldamáls-ins leyna sér ekki heldur. Kenningar eru auðkenni á fornljóðum Engle-ninga og norrænnna manna. Gætir hjálmsins furðulega mikið í kenningunum. Jafnvel er Guð nefndur „hjálmur himins“ í Beowulfskvæðinu, og í okkar eigin kveðskap mætum við hjálmi í fjölmörgum orðasamböndum, sem til kenninga má telja. Vissulega er hér orsakar að leita í þeiri siðvenju að bera helgitákn á hjálnum, svo sem hildisvín. Hið raunhæfa og hnitmiðaða orða-lag, sem skáldin nota um einkenni skrauthjálmannna og hringsverðanna,

sýnir jafnframt, að meðal þeirra, sem þessa gripi báru, hefur norræn skáldmennt í fyrndinni þróazt. Annars mundi fornleifafræðin vera ein til frásagnar um þetta efni, en bókmennatasagan þögul sem grófin.

Það er víst, að meginnefni Beowulfskvæðisins er komið frá austnorrænum mönnum. Svipað er að segja um Ynglingatal og hetjukvæði Eddu. Þeir, sem í fyrstu lögðu til efniviðinn, hafa einkum dregið að sér föng um eyjar og strendur Eystrasalts og af Suðurvegum, þar sem leiðir Húna og Gota lágu. Norrænar byggðir við Atlantshaf virðast lenda algerlega utan við sjónvídd þessara manna. Þaðan er engin sögn og naumast nokkurt örnefni kvæðanna runnið. Þó voru það eyjarskeggjar í Atlantshafi, sem varðveittu þennan menningararf og juku stöðugt við hann. Um leið er þess að minnast, að á sömu tímum sem sagnljóðagerð tekur að blómgast á Norðurlöndum, verður vart mikils munar á fornleifaeinkennum vestnorrænna og austnorrænna byggða. Ólíkir menningarstraumar úr suðvestri og suðri leika þá um Norðurlönd. Það er hinn svonefndi Vendelstíll eða meginlandsstíll, sem setur svip sinn á skreytingartízku og vopnabúnað austnorrænna fyrirmanna. Hann er talinn bera glögg ummerki áhrifa frá Býzans og Ítalíu og vera frá Suður-Germönnum kominn til Norðurlanda. Nú þekkjum við með vissu norrænan þjóðflokk, sem hafði nán sambond við Ítalíu og Býzans á þjóðflutningatímanum. Það eru *Erúlarnir* eða *Jarlarnir*, sem Otto v. Friesen og S. Bugge hyggja, að flutt hafi leturgerðarlistina til Norðurlanda. Meira að segja er það vel kunnugt, að suðrænir Erúlaflokkar settust að í nágrenni Gauta á öndverðri 6. öld. Hefur það verið í tíð Hróars konungs Hálfdanarsonar og Ála hins upplenzka. Um aðra þjóðflutninga suðrænna manna til Norðurlanda er ekki getið í fornheimildum, hvorki grískum né rómverskum.

Pegar rætt er um Vendelstílinn og upphaf sagnljóðagerðar á Norðurlöndum, hlýtur hugurinn að hvarfla til Erúlanna. Að hyggju v. Friesens hafa Erúlar búið á sunnanverðum Jótlandsskaga og Fjóni, þar til um 500. Á fyrstu öldum e. Kr. virðast þeir einnig hafa átt búsetu við suðausturhorn Eystrasalts, á þeim slóðum, þar sem Tacitus getur svínadýrkendanna, er trúðu á „móður guða“. Á 3. öld fluttust Erúlar ásamt Gotum til Suður-Rússlands og settust að við Asovshaf, austanvert við byggðir Gotanna. Þarna áttu Æsir og Vanir að hafa búið, að því er Snorri Sturluson hermir, áður en þeir fluttu skáldmenntina til Norðurlanda og mynduðu þar ríki, fyrst á Fjóni og síðan í Upplandi hinu sánska, þar sem hinir fornfrægu staðir Uppsalar, Sigtúnir og Vendill eða Vendel liggja. Af Vendel í Upplandi dregur hin suðræna skreytingartízka nafn sitt.

Árin 267—268 herjuðu Erúlaflotar frá ströndum Asovshafs um lönd þau, er liggja að Grikklandshafi. Tæpum hundrað árum síðar komust Erúlar undir yfirráð hins volduga Austgotakonungs Ermanariks, sem í Eddukvæðum og Völsungasögu kallast Jörmunrekur. Pegar Húnar brutust inn í Svartahafslöndin nokkru síðar, urðu Austgotar að lúta Húnaveldi, og sama virðist hafa orðið hlutskipti Erúla. Á rústum hins mikla ríkis Attila Húnakonungs

reis upp, á síðari hluta 5. aldar, öflugt Erúlaríki í Austur-Ungverjalandi. Í herferð Odoakers til Ítalíu 476, er vesturrómverska ríkið leið undir lok, tóku Erúlar mikinn þátt og hlutu þar lönd að launum. Tæpum mannsaldri síðar yfirbuguðu Langbarðar ríki þeirra í Ungverjalandi. Þá var það, að sumir Erúlanna tóku sig upp og fluttust til Norðurlanda undir leiðsögn konungborinna höfðingja, en aðrir leituðu á náðir austrómverska keisarans og fengu að setjast að innan ríkis hans. Voru þeir þúsundum saman í þjónustu Býzanskeisara á 6. öld. Finnast þess örugg vitni, að á þeim tíma hélzt samband milli Norður- og Suður-Erúla. Er öll saga þeirra hin athyglisverðasta, og þó einkum þegar leitazt er við að skýra menningarháttu norrænna manna í fyrndinni. Má mikið vera, ef Húnar, Gotar og konungar þeirra, Atli og Jörmunrekur, eiga ekki hina norrænu sögufrægð sína Erúlum að þakka, og við Íslendingar ýmis menningareinkenni okkar á umliðnum oldum. En láum það meginmál bíða til lokapáttar þessa greinaflokkss.

Við víkjum nú aftur að Vendelmenningunni með skrauthjálmum hennar og hringsverðum. Lýsing H. Sheteligs á höfuðeinkennum hennar hefst á þessa leið: „Fyrirmyn dir stílsins eru fyrst og fremst dýrahöfuð sem sjálfstætt skraut, einkum grófgert *villisvínshöfuð* og fuglshöfuð með bognu nefi og stóru auga“. — Getur það sízt talitz úr vegi að athuga, hvar sverðin og hjálpmarnir hafa fundizt, jafnframt því að hliðsjón er höfð af norrænum örnefnum Ynglingatals og Eddukvæða. Þau örnefni, sem staðfæra má með nokkurn veginn vissu, auk þjóðlandaheita, eru: Limafjörður, dönsku eyjarnar Hlésey, Sámsey og Fjón, Hleiðra, sánsku eyjarnar Eyland og Bolm, upplenzku nöfnin Uppsalir, Fýrisá og Vendill, sem „stillinn“ er við kenndur, og loks frá Austur-Noregi: Þótn, Skíringssalur og nokkur önnur nöfn á stöðum þeim á Vestfold, þar sem Ynglingakonungar voru heygðir. Samkvæmt greinargerð Knuts Stjerna um fundarstaði hjálmlifa, hjálmmynnda og hringsverða frá 6. og 7. öld, falla gripirnir, sem eru um 30 að tölu, þannig á hin einstöku landsvæði: Uppland í Svíþjóð hefur tólf, og eru flestir munirnir fundnir í hinum frægu höfðingjagrófum við Vendel. Frá Gotlandi eru fimm, Fjóni fjórir og Eylandi þrír. Hinir sex hafa fundizt á við og dreif um Suðurmannahaland, Skán, Vestur Gautlönd og austurhluta Noregs, Þótn, Heiðmörk og Austfold. Um það leyti, er Stjerna skrifði yfirlit sitt um fundarstaðina, höfðu enn fremur fundizt hjálmbrot frá 6. öld á Vestfold og Heiðmörk. Síðan eru liðin rúm 40 ár. Hef ég ekki haft aðstæður til að kynna mér fundarstaði hliðstæðra grípa, sem komið hafa í leitirnar á síðari áratugum. Þeir munu fáir vera, og því litlar líkur til, að heildarmynd sú, er skrá Knuts Stjerna veitir, haggist verulega. Í Noregi eru það byggðirnar við Mjösen og Oslófjörð, sem þessar fornleifar auðkenna, en í Svíþjóð Uppland, Gotland og Eyland og í Danmörku Fjón. Á Fjóni hafa þó aðeins hringsverð fundizt. Eru þrjú þeirra frá héraðinu Gudme, eða Goðheimi, á suðaustanverðri eyjunni.

Fjón er nefnt í Guðrúnarkviðu hinni fornu með þeim hætti, að ráða má, að ævafornar sagnir hafi verið við eyjuna bundnar. Skáldið lætur Guðrúnú

Gjúkadóttur greina frá því, að þegar hún sat í sorg sinni hjá Þóru Hákonardóttur í Danmörku, hafi þær gert myndir af atburðum, svo sem er

„Skip Sigmundar	byrgðu við á borða,
skriðu frá landi,	það er þeir bördust
gyltar grímur,	Sigar og Siggeir
grafnir stafnar,	suður á Fjóni“.

Er svo að sjá sem efnið sé hér valið úr ættarsögu Sigurðar Fáfnisbana. Þaðan munu nöfnin Sigar, Siggeir og Sigmundur runnin. Helgi Hjörvarðsson, sem átti hringsverð eins og Sigurður Fáfnisbani, sótti það í Sigarshólm eftir tilvísun Svöfu Eylimadóttur. Hjörðis móðir Sigurðar var og Eylimadóttir. Liggur nærri sú hyggja, að dísin og valkyrjan hafi eitt sinn verið taldar sömu ættar eða jafnvel systur. Að minnsta kosti eru feður þeirra einir um Eylimanafnið, eins og Helgi og Sigurður eru einir um hringsverð í Edduljóðum. Og víst er um það, að sögnin um hernað Sigars er tengd við eyjuna, sem geymt hefur öll dönsku hringsverðin. Má ætla, að Sigarshólmur og Fjón sé eitt og hið sama.

Vendel og víst einnig Eyland birtast skýrt í sögnum fornkvæðanna. Í Ynglingatali er sagt, að „Eylands jarlar Fróða“ hafi fellt Óttar konung á Vendli. Margföld rök hafa verið leidd að því, að hér sé átt við Vendil á Upplandi. Óttar var faðir Aðils konungs og bróðir Ála hins upplenzka. Frá Aðils í sjötta lið á að vera kominn fyrsti Ynglingakonungurinn í Noregi, Hálfdan hvítbeinn. Telur B. Nermann hann hafa verið uppi um og eftir aldamótin 700. Þrjú af örnefnum Ynglingatals eru við Hálfdan bundin. Hann andast á Þótni og er heygður í Skereið í Skíringssal á Suður-Vestfold. Að sögn Snorra Sturlusonar hófst Hálfdan til valda í Noregi með stuðningi Svía, sem yfirlágu aettland sitt vegna þess, „að mannfólkið var meira en landið mætti bera“. Hann „eignaðist mikið af Heiðmörk og Þótn og Haðaland og mikið af Vestfold“. Hér telur Snorri í sömu andránni upp þá þrjá landshluta í Noregi, er geymt hafa minjarnar um skrauthjálma Vendeltízkunnar. Þetta furðulega samræmi sagnar og fornleifa verður harla auðskilið, þegar þess er gætt, hvernig örnefni fornljóðanna og fundarstaðir skrauthjálma og hringsverða falla á Norðurlönd í heild sinni. Sagnir þær, sem íslenzku landnemarnir kunnu um konunga og hetjur þjóðflutningatímans, eru runnar frá skáldskap þeirra alda. Skáldmennt okkar Íslendinga á því vissulega uppruna að rekja til þeirra manna, sem telja má merkisbera Vendelsstílsins á Norðurlöndum. Skáld, hringsverð og hildisvín áttu sögu sman.

